



Reykjavík 8. ágúst 2019

Umsögn um fyrirhugað lagafumvarp

Varðandi: Áform um lagasetningu, frumvarp til breytinga á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Þór Freysson heiti ég og hef starfað í sjónvarpsgeiranum frá árinu 1987. Síðustu þrjú ár sem sjálfstæður framleiðandi en oftast unnið við þá tegund þátta sem nú stendur til að undanskilja endurgreiðslu Atvinnu og nýsköpunarráðuneytisins.

Það er mér hulin ráðgáta af hverju uppi eru hugmyndir um að afnema endurgreiðslur til framleiðslufyrirtækja vegna framleiðslu á „non scripted“ þáttum (spjallþáttum, raunveruleikaþáttum og skemmtiþáttum). Fyrir okkur sem störfum við gerð sjónvarpsþátta af þessu tagi er allt í húfi. Endurgreiðslan hefur haft gífurleg áhrif á framleiðslu innlends sjónvarpsefnis og gert okkur framleiðendum kleift að framleiða meira af gæða sjónvarpsefni og um leið byggja upp sterkan hóp fagfólks sem er jafnvígt á hvort heldur er kvikmynda eða sjónvarpsþáttagerð.

Ég tel það ljóst að ef af þessum óheilla hugmyndum verður og endurgreiðslan einskorðuð við leikið efni og heimildamyndir, munum við sjá fram á verulegan samdrátt á framleiðslu „non scripted“ sjónvarpsefnis, sem hefur ekki síður menningarlegt gildi og leikið efni. Þar að auki á „non scripted“ framleiðslan stóran hlut í því að hér er til stétt myndatökumanna, hljóðamanna, klippara og annars fagfólks sem getur starfað við fagið allt árið. Það þýðir að allir framleiðendur hafa aðgang að fagfólki allt árið um kring sem væri varla raunin ef framleiðsla minnkar og fólki fækkar.

Stjórnvöld tala mikið um að byggja upp skapandi störf og því vekur það furðu að fyrir dyrum standi aðgerðir sem beinlínis myndu fækka störfum í greininni.

Ég vara eindregið við þeim afleiðingum sem fyrirhugaðar breytingar hafa í för með sér og skora á stjórnvöld að hætta við. Leyfa heldur kvikmynda og sjónvarpsiðnaðinum að dafna áfram á þeim forsendum sem eru nú þegar til staðar.

Með kveðju,

Þór Freysson framleiðandi/upptöku&útsendingarstóri.